

Hítarnes lagzt til Miklaholtsprestakalls að öllu leyti jafnskjótt og breytingin **114** komst á brauðaskipunina, og verður engin breyting þar á gjörð að svo 9. okt. stöddu.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um hluttöku Norður-Píngeyjarsýslu í búnaðarskólalahaldinu á Eyðum. — Eptir að hafa **115** fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 31. ágúst þ. á., þar sem 9. okt. þjer tjáið mjer þá ályktun sýslunefndarinnar í Norður-Píngeyjarsýslu, að hún hvorki vilji ganga í samband við sýslunefndirnar í Múlasýslum um búnaðarskólalahaldið á Eyðum nje við hina aðra búnaðarskóla með því fyrirkomulagi, sem á þeim sje, svo og tillögu amtsráðanna í norðuramtinu og austuramtinu um, að jeg skipi svo fyrir, að Norður-Píngeyjarsýsla skuli taka þátt í búnaðarskólalahaldinu á Eyðum samkvæmt tilboði sýslunefndanna í Múlasýslum, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg finn ekki næga ástæðu til þess, að gjöra neinar fyrirskipanir um, að Norður-Píngeyjarsýsla móti vilja sýslunefndar sinnar gangi í hið umrædda búnaðarskóla-samband, en á hinn bóginn er stjörn búnaðarskólans á Eyðum innanhandar, að neita námspiltum úr Norður-Píngeyjarsýslu um inntöku á skólann.

Brjef landshöfðingja til póstmeistara um útbúning póstflutnings. (Ágrip). — **116** Út af umkvörtun frá yfirpóstmeistarannum í Kaupmannahöfn yfir því, að það **116** viðgengist á því nær öllum hinum minni pósthúsum á Íslandi, að böggulsend- 10. okt. ingum og brjefsendingum væri blandað saman í sama póstpoka, er í sjálfu sjer væri óheppilegt og auk þess gjörði ómögulegt að taka móti póstinum í Kaupmannahöfn á fyrirskipaðan hátt, lagði landshöfðingi með brjefi þessu fyrir póstmeistara, að brýna fyrir öllum póstafgreiðslumönnum, að láta ekki eptirleiðis koma fyrir, að böggulsendingar og brjefasendingar sjeu látnar í sömu póstpokana, einkanlega þegar er að ræða um sendingar til útlanda.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um breyting á skipan umboða í norðuramtinu og austuramtinu. — Í framhaldi af brjefi **117** mínu, dags. 28. ág. þ. á. skal yður, herra amtmaður, hjer með þjónustusamlega tjáð, 11. okt. að ráðgjafinn fyrir Ísland hefur með brjefi, dags. 13. ágúst þ. á., samþykkt breytingu þá á skipan umboða í norðuramtinu og austuramtinu, sem um ræðir í þóknanlegu brjefi amtsins, dags. 7. maí þ. á., þannig, að eptirleiðis skuli allar þær þjóð-jarðir, sem eru í hverri sýslu, vera umboð út af fyrir sig undir sömu innheimtu og umsjón, með sjerstakri reikningsfærslu, þótt sameina megi tvö smá-umboð, er þykja of lítil til þess, að vera sjerstök undir einum umboðsmanni.

Umboðaskipan í norður- og austuramtinu skal því eptirleiðis vera eins og nú skal greina: